

## FUNDARGERÐ

Árið 2019, þriðjudaginn 28. maí kl. 16:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, Hafnarstræti 1 Ísafirði.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir (í fjarveru Daníels Jakobssonar), Karen E. Halldórsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Tinnu Dahl Christiansen og Hrafnkeli Hjörleifssyni sem ritaði fundargerð.

Að auki sat fundinn Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri undir lið 2 og 3.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð 28. mars 2019

Lögð var fram fundargerð frá 28. mars 2019 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerð frá 28. mars 2019 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.*

### 2. Dómur Hæstaréttar í máli Grímsnes- og Grafningshrepps gegn íslenska ríkinu

Lagt var fram til kynningar minnisblað um dóm Hæstaréttar í máli nr. 34/2018, Grímsnes- og Grafningshreppur gegn íslenska ríkinu, dags. 20. maí 2019, ásamt minnisblaði um fjárhagsleg áhrif dómsins, dags. 23. maí 2019. Í kjölfar dómsins þarf að svara þeirri spurningu hvernig fjármagna eigi kröfu sveitarfélagsins og sambærilegar kröfur sveitarfélaganna Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar, Fljótisdalshrepps og Ásahrepps. Einnig þarf að athuga breytingar á nógildandi lögum og reglum Jöfnunarsjóðs.

*Ákveðið var að kanna lögræðilegt álit Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi að Jöfnunarsjóður, og þar með sveitarfélög, beri kostnað að fullu. Ákveðið að taka mál fyrir að nýju á næsta fundi.*

### 3. Frysting ríkistekna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 26. maí 2019, um frystingu ríkistekna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Skv. spá hagdeildar Sambands íslenskra sveitarfélaga gæti aðgerðin haft 3,4 ma.kr. tekjutap í för með sér yfir tveggja ára tímabil, þ.e. árin 2020 og 2021.

### 4. Greiðslu- og rekstraráætlun 2019

Lögð var fram til kynningar ný greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2019. Áætlunin hefur tekið breytingum í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 34/2018, Grímsnes- og Grafningshreppur gegn íslenska ríkinu.

### 5. Vefsvæði Jöfnunarsjóðs með myndrænni framsetningu gagna

Nýjungar og breytingar á vefsvæðinu js.data.is kynntar en á vefsvæðinu má m.a. finna myndræna framsetningu á úthlutunum Jöfnunarsjóðs.

## 6. Framlög vegna breytinga á álagningarstofni mannvirkja

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um uppgjör fasteignaskattsjöfnunar 2019 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 24. maí 2019. Tillaga að áætluðu uppgjöri framlaganna á árinu 2019 byggir á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts í sveitarfélögum 31. desember 2018 ásamt upplýsingum um álagningarprósentur og upplýsingum sveitarfélaga um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega, sem gilda fyrir árið 2019.

*Ráðgjafarnefndin fór yfir forsendur er varða áætlun um uppgjör framlaga vegna breytinga á álagningarstofni mannvirkja árið 2019 og samþykkti að leggja til við ráðherra að áætlunin yrði samþykkt.*

## 7. Framlög Jöfnunarsjóðs

### Ferlar

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir ferla við útreikning og úthlutun framlaga sem eru nú aðgengilegir á heimasíðu Jöfnunarsjóðs. Ferlunum er ætlað að auðvelda almenningi yfirsýn yfir framlög Jöfnunarsjóðs.

## 8. Framlög vegna eflingar tónlistarnáms

### Aftektir sveitarfélaga

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 22. maí 2019, varðandi samráðsnefnd um samkomulag um stuðning við tónlistarnám og minnisblað um fjármögnun verkefna skv. viðauka ásamt greiðsluáætlun fyrir árið 2019, dags. 10. apríl 2019, ásamt fylgiskjölum. Skv. samkomulagi skuldbinda sveitarfélög sig til að taka tímabundið við verkefnum frá ríki á gildistíma þess. Á síðasta fundi samráðsnefndar var samþykkt að framlög sveitarfélaga vegna fjármögnunar verkefna hækki um 2,05% á árinu 2019 og verði samtals um 234,7 m.kr. á árinu 2019.

### Staða mála varðandi framlög 2019

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 24. maí 2019, varðandi eflingu tónlistarnáms skv. 2. mgr. 1. gr. 2018-2019. Tekin hefur verið upp ný námsbraut við Tónlistarskólann á Akureyri sem heitir skapandi tónlist og er til athugunar hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu hvort námsbrautin falli undir samkomulag um eflingu tónlistarnáms. Stefnt er á að niðurstaða hafi borist fyrir næsta fund Ráðgjafarnefndar og verður áætlun þá lögð fram.

## YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

## 9. Almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla

### Tillaga að enduráætlun framlaga 2019 í kjölfar dóms Hæstaréttar

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu enduráætlun vegna almennra jöfnunarframlaga grunnskóla 2019 ásamt minnisblaði þar að lútandi, dags. 21. maí 2019. Enduráætlunin er til komin vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 34/2018, Grímsnes- og Grafningshreppur gegn íslenska ríkinu. Af þeim fimm sveitarfélögum sem fengu fulla skerðingu skv. fyrri áætlun reiknast nú fjögur með framlög. Jafnframt er leiðrétt vegna ársins 2017. Samanlagt framlag til þessara sveitarfélaga nemur um 116 m.kr. á árinu 2019 og lækka framlög til annarra sveitarfélaga sem því nemur, sem gerir um 1,27% lækkun á hvert sveitarfélag.

*Áætlunin var samþykkt.*

#### **10. Framlög vegna íslensku sem annars tungumál 2019**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu enduráætlun framlaga vegna íslensku sem annars tungumáls 2019 ásamt minnisblaði þar að lútandi, dags. 24. maí 2019. Enduráætlunin er til komin vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 34/2018, Grímsnes- og Grafningshreppur gegn íslenska ríkinu. Af þeim fimm sveitarfélögum sem fengu fulla skerðingu skv. fyrri áætlun reiknast nú tvö með framlög. Greidd er ákveðin krónutala á hvern nemenda og því lækka framlög annarra sveitarfélaga ekki á móti.

*Áætlunin var samþykkt.*

#### **11. Fjölís (hagsmunafélag samtaka réttihafa)**

Lögð var fram til kynningar yfirlýsing um endurnýjun samkomulags um millifærslu fjármuna vegna miðlægs samnings um notkun á höfundarréttarvörðu efni í skólum. Samningsaðilar hafa ákveðið að endurnýja samkomulagið frá 12. október 2016 og mun það gilda út samningstíma miðlægs samnings mennta- og menningarmálaráðuneytis við Fjölís um notkun á höfundarvörðu efni í skólum, eða til 31.12.2021.

### **YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS**

#### **12. Almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks 2019**

##### **Önnur áætlun framlaga**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu önnur áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks 2019 ásamt minnisblaði þar að lútandi, dags. 24. maí 2019. Allar tölulegar upplýsingar sem útreikningar framlaga byggja á voru sendar þjónustuvæðum þann 4. mars 2019 og var þeim gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri. Breytingar milli 1. og 2. áætlunar eru til komnar vegna þessara athugasemda og endurspegla því breytingar á stuðningsþörf út frá fyrirliggjandi gögnum.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefnd að gera tillögu til ráðherra að önnur áætlun framlaga vegna málefna fatlaðs fólks 2019 yrði samþykkt.*

#### **13. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs – framlög 2019**

##### **Umsókn frá Reykjavíkurborg vegna Klettaskóla**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs vegna uppbyggingar á Klettaskóla, ásamt minnisblaði þar að lútandi, dags. 26.05.2019. Einnig var lagt fram minnisblað frá lögfræði- og velferðarsviði Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi lagarammann um þjónustu við fötluð börn á grunnskólaaldri, dags. 26. maí 2019.

*Ákveðið var að fá lögfræðilegt álit borgarlögmanns og taka málið fyrir að nýju á næsta fundi ráðgjafarnefndar.*

**Umsókn frá Hafnarfjarðarkaupstað – Lækur**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Hafnarfjarðarkaupstaðar um framlag í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til lagfæringa á húsnæði Lækjar, dags. 23. maí 2019, ásamt þar að lútandi minnisblaði og öðrum fylgiskjölum.

Lækur er dagþjónustuúrræði fyrir geðfatlað fólk, til húsa í gömlu húsi að Hörðuvöllum 1. Húsið þarfnast lagfæringa.

Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 26,7 m.kr. M.v. 25% kostnaðarþátttöku Fasteignasjóðs er um tæplega 6,7 m.kr. framlag að ræða.

*Nefndin samþykkti umsóknina.*

**Umsókn frá Hafnarfjarðarkaupstað – Suðurgata 14**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Hafnarfjarðarkaupstaðar um framlag í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til kaupa og endurbóta á húsnæði að Suðurgötu 14, dags. 21. maí 2019, ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 23. maí 2019.

Tvö úrræði eru til húsa að Suðurgötu 14, annars vegar Vinaskjól og hins vegar Kletturinn. Vinaskjól er dagþjónusta fyrir fatlaða framhaldsskólanemendur og Kletturinn er dagþjónusta fyrir fatlaða grunnskólanemendur.

Áætlaður heildarkostnaður vegna kaupa er 206,6 m.kr. eða 258 þús.kr. á fermetur. M.v. 25% kostnaðarþátttöku Fasteignasjóðs er um tæplega 51,7 m.kr. framlag að ræða.

*Nefndin samþykkti umsóknina.*

**14. Önnur mál**

Næsti fundur nefndarinnar er 27. júní kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 17:55.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Friðbjörg Matthíasdóttir

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Margrét Þórarinsdóttir

---

Stefán Vagn Stefánsson